

Sigurjón Ólafsson

BÓKIN UM VEFINN

*Sjálfs hjálparkver
fyrir metnaðarfulla vefstjóra*



IDNÚ
Ú T G Á F A

Bókin er tileinkuð minningu föður míns
Ólafs Stefánssonar

BÓKIN UM VEFINN

Sjálfs hjálparkver fyrir metnaðarfulla vefstjóra

© 2015 Sigurjón Ólafsson

© IDNÚ, Reykjavík

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á
annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Ljósmynd á kápu: Dagur Gunnarsson

Hönnun og umbrot: Hugsmiðjan ehf.

Prentuð í Slóveníu

ISBN 978-9979-67-368-2

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----|
| FORMÁLI | 7 |
| INNGANGUR..... | 9 |
| 1. KAFLI | |
| STARF VEFSTJÓRANS | 17 |
| 2. KAFLI | |
| UNDIRBÚNINGUR VEFVERKEFNA | 31 |
| 3. KAFLI | |
| SKRIF OG SKIPULAG EFNIS FYRIR VEFINN..... | 57 |
| 4. KAFLI | |
| VEFHÖNNUN OG NOTENDAVIÐMÓT | 79 |
| 5. KAFLI | |
| AÐ NÁ SAMBANDI VIÐ NOTENDUR | 101 |
| 6. KAFLI | |
| INNRI VEFIR..... | 121 |
| 7. KAFLI | |
| AÐGENGISMÁL..... | 141 |
| 8. KAFLI | |
| AÐ KUNNA SKIL Á TÆKNINNI..... | 153 |
| 9. KAFLI | |
| MARKAÐSSETNING OG VEFURINN..... | 169 |
| AÐALATRÍÐASKRÁ..... | 186 |

FORMÁLI

Þessi bók er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Aldrei áður hefur verið tekin saman svo greinargóð lýsing á vefstjórn (starfi vefstjórans). Reynsla mín í starfi er sú að vefstjórar íslenskra fyrirtækja og stofnana hafi haft of lítinn stuðning frá samstarfsfólki og menntakerfinu. Margir sjá ekki hversu víðtækt starf það er að sinna starfi vefstjórans.

Hugsmiðjan hefur lengi haft áhuga á því að aðstoða við að mennta betur fólkið sem sér um vefstjórn. Það eru fjölmörg atriði sem þarf að huga að þegar kemur að vefstjórninni og starf vefstjóra verður sífellt umfangsmeira og flóknara. Í mörgum fyrirtækjum er lítil áhersla lögð á vefstjórn en þeim fyrirtækjum fjölgar sífellt sem sjá mikilvægi þessa hlutverks.

Samstarf Hugsmiðjunnar og Sigurjóns Ólafssonar, höfundar þessarar bókar, hófst þegar Vefakademiá Hugsmiðjunnar var sett á laggirnar haustið 2013. Sigurjón hefur kennt fjölmörg námskeið á vegum Vefakademiunnar og hafa þátttakendur verið sáttir við þær ráðleggingar sem Sigurjón hefur gefið og þá þekkingu og reynslu sem hann býr yfir þegar kemur að vefstjórn. Þegar Sigurjón nálgadist mig með þá hugmynd að skrifa bók fyrir vefstjóra, fagnaði ég því og gerðum við hjá Hugsmiðjunni það sem við gátum til að styðja hann við gerð hennar.

Sagt er að vefur sé gæðastimpill fyrirtækis og ef ekki er vandað til hans hefur það áhrif á ímynd þess (eða stofnunar). Það er mín von að bókin komi til með að fræða og styðja við vefstjóra þessa lands og gera íslenskan vefiðnað enn sterkari fyrir vikið.

*Ragnheiður H. Magnúsdóttir,
framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar*

INNGANGUR



Það er stundum sagt að allir Íslendingar gangi með bók í maganum. Ég er einn af þeim og meðgangan hjá mér var býsna löng eða um fjögur ár. Það var þó ekki eingöngu löngunin til að svala eigin fýsnum sem fékk mig til að skrifa bókina. Mig langaði að rétta vefstjórum svolitla hjálparhönd.



Vefstjórar hafa orðið út undan þegar kemur að fræðslu, greinaskrifum og bókaútgáfu í vefgeiranum. Tilfellið er að vefstjórar fá yfirleitt vefinn í fangið án nauðsynlegrar þjálfunar og fræðslu.

NEYÐIN KENNIR NÖKTUM MANNI AÐ SKRIFA BÓK

Tilurð bókarinnar má rekja til ársins 2010 en það ár hóf ég að kenna hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og þá áttaði ég mig á að það væri afar lítið framboð af lesefni fyrir vefstjóra. Ekkert efni var til á íslensku og mjög lítið á ensku. Það varð til þess að ég leiddi hugann að því að skrifa sjálfur handbók fyrir vefstjóra.

Á þessum tíma hafði ég starfað við vefmál í liðlega þrettán ár. Þetta ár var ég í starfi sem var ekki nema að hluta vefstjórastarf en þar á undan hafði ég stýrt vefmálum í banka í rúm sjö ár og hafði fylgst þokkalega vel með. Ég hafði farið reglulega á námskeið og ráðstefnur erlendis og las eina til tvær vefbækur á ári en það var allt og sumt.

Kennslan kom sumpart til af illri nauðsyn, þar sem ég átti erfitt með að ná endum saman eins og svo margir aðrir í kjölfar bankahrunsins, og sumpart vegna þess að mér fannst vera farið að fenna yfir vefþekkingu mína. Þá var eina vitið að mana sig út í kennslu. Ákvörðunin var ekki einföld því kennsla var langt fyrir utan minn þægindahring. En ég lét vaða og sé ekki eftir þeirri ákvörðun.

Ég sökkti mér í annað lesefni, gerðist áskrifandi að póstlistum, keypti nýjar bækur í fræðunum, las nánast allt eftir Gerry McGovern, endurnýjaði kynni mín af Steve Krug, fletti aðeins upp í Jakob Nielsen og kynntist nýjum höfundum, Paul Boag.

Þar sem ég er ekki límheili er mín aðferð til vinna úr efni sem ég les að gera skriflega samantekt. Þannig vann ég greinar inn á vefinn úr því sem mér fannst bitastæðast í þessum bókum, birti á funksjon.net og

nýtti sem kennslufni fyrir nemendur. Síðar urðu þessi skrif mín afar góð markaðssetning fyrir vefráðgjöf sem ég setti á fót nokkrum árum síðar. Nokkrar flugur slegnar í einu höggi, mest óafvitandi.

Greinarnar sem ég byrjaði að skrifa með fróðleik um vefmál í árslok 2010 voru orðnar um 80 haustið 2013 og komnar vel yfir 100 í árslok 2014. Þessar greinar mynda uppistöðu í þeirri bók sem þú hefur hér undir höndum. Greinarnar eru talsvert breyttar, talsverðu bætt við og öðru hent út. Fyrstu færslurnar mínar áttu þó ekkert erindi á bók. Það tók mig tíma að finna eigin tón og æfingin skapar víst meistaran.

SENDING AF HIMNUM OFAN

Við undirbúning kennslunnar barst mér sending eins og af himnum ofan. Paul Boag, sem ég þekkti ekki til á þeim tíma (2010), var nýbúinn að gefa út bókina *Website Owner's Manual*.

Bókarkafarnir rímuðu meira að segja mjög vel við það efnisyfirlit sem ég var búinn að gera drög að fyrir „mína“ bók. Ef einhver sér skyldleika með uppbyggingu þessara bóka þá er sem sagt góð ástæða fyrir því. Paul Boag hefur síðan verið einn af mínum áhrifavöldum og ég hef fylgst náið með honum síðustu misseri. Án efa sjást fingraför Pauls og annarra áhrifavalda í minni bók.

Hefði e.t.v. verið einfaldara að þýða bók Pauls Boag úr því að hún var svona góð? Það er góð spurning. Nei. Í fyrsta lagi eru Íslendingar vel læsir á enska tungu og þýðing hefði gert lítið gagn. Í annan stað fannst mér, þrátt fyrir mikið ágæti bókar Pauls, að ég hefði margt annað fram að færa, ekki síst þar sem ég hef unnið sem vefstjóri og stýrt vefdeildum í um 16 ár. Þessa reynslu mætti vel nýta í bók. Sjónarmið vefstjórans frá fyrstu hendi fann ég ekki í bókinni hans Pauls þótt vissulega hafi hann frábæran skilning á starfinu.

15 SANNFÆRINGAR Í VEFMÁLUM

Skömmu eftir að ég tók endanlega ákvörðun um fara út í vefráðgjöf vorið 2013 bauðst mér tækifæri til að halda kynningu á starfsemi minni fyrir starfsmenn Hugsmiðjunnar.

Ég hugsaði með mér að þarna væri frábært tækifæri. Ekki til að halda sölukynningu heldur til að standa fyrir framan fólk sem ég ber mikla virðingu fyrir og segja því fyrir hvað ég stend, helst á innan við 15 mínútum. Ég þoli ekki sjálfur klukkutíma söluræður. Mig langaði að segja hópnum hvað reynslan hefði kennt mér, hvað ég hef sannfærst um.

Ég tók því saman 15 atriði sem ég hef sannfæringu fyrir í vefmálum. Þau rímuðu ágætlega við þau 15 ár (og reyndar einu betur) sem ég hafði þá verið í vefbransanum.

Þessar sannfæringar birtast með einum eða öðrum hætti í gegnum bókina en ekki endilega í þessari röð.

1. að vefir þurfi stefnu
2. að vefir þurfi að fá að mala eins og kettir
3. að vefstjórar þurfi meiri þjálfun og völd
4. að fúnksjón sé ofar fagurfræði
5. að innri vefir þurfi meiri ást og umhyggju
6. um nauðsyn þess að leita sér stöðugt nýrrar þekkingar
7. um mátt notendaprófana
8. um nauðsyn þess að hafa samúð með notendum
9. að vefir eigi að vera aðgengilegir öllum
10. að það megi einfalda og minnka alla vefi
11. að við eigum að einblína á aðalverkefni
12. að allir vefir eigi að vera snjallir
13. að það geti ekki allir orðið vefhönnuðir
14. að hreinlæti á vef sé höfuðatriði
15. að orð skipta máli

UPPBYGGING BÓKARINNAR

Eðli handbóka er þannig að lesandinn á að geta gripið í staka kafla án þess að lesa bókina frá orði til orðs. Þannig er þessi bók uppbyggð. Þetta er hins vegar stutt lesning og best samhengi fæst með því að lesa hana frá upphafi til enda. Í lok hvers kafla er lítil verkfærakista og tillögur um næstu skref.

Í þessum inngangskafli hef ég rakið ástæður fyrir tilurð bókarinnar og mínum bakgrunni. Ég nýti mér vitaskuld þá miklu þekkingu og lesefni sem ég hef innbyrt á undanförunum árum frá áhrifavöldum mínum. Meginkilaboðin koma þó í gegnum reynslu mína af störfum við vefstjórn sem ég vona að gagnist lesendum bókarinnar vel. Bókin er skrifuð í fyrstu persónu og ég kys að tala beint við lesandann. Á vefnum er nándin mikilvæg, að komast sem næst notendum. Þannig vil ég líka að þessi bók sé.

Bókinni er skipt upp í nokkra kafla. Í framhaldi af fyrsta kaflanum um starf vefstjórans er fjallað ítarlega um undirbúning vefverkefna sem hefur hingað til verið nokkuð vanræktur í þróun vefja. Við rjúkum of snemma í hönnun og forritun.

Skrifum og skipulagi efnis fyrir vefinn eru gerð ítarleg skil í 3. kafla en það er trú mín að efni á vefnum sé loksins að öðlast þá virðingu sem það á skilið í vefþróun. Einn mikilvægasti samstarfsaðili vefstjórans er vefhönnuðurinn. Fjallað er um grundvallaratriði í skipulagi og hönnun vefja í 4. kafla sem og stefnur og strauma í vefhönnun. Í 5. kafla er rýnt í aðferðir sem við getum beitt til að kynnast notendum og þörfum þeirra en þessar aðferðir eru gjarnan kenndar við UX eða User Experience á ensku.

Innri vefir eru oftast hluti af starfsskyldum vefstjóra í meðalstórum og stærri fyrirtækjum hér á landi. Fjallað er um innri vefi í 6. kafla en þeir hafa fengið takmarkaða athygli í vefgeiranum lengst af. Ýmis teikn eru þó um að það sé að breytast.

Það er ekki hægt að gefa út bók um vefinn án þess að fjalla um aðgengismál. Þessi málaflökkur fær sinn sinn sess og einnig er rýnt í áhrif af örum vexti snjallsíma og spjaldtölva á vefþróun í 7. kafla.

Tæknimálum vefsins eru gerð nokkur skil í 8. kafla enda þurfa vefstjórar að þekkja grunntækni vefviðmótsins ef þeim á að líða vel í starfi. Í þessum kafla eru skilgreiningar á helstu hugtökum sem vefstjórar þurfa að kunna skil á.

Í lokakafla bókarinnar er fjallað skilmerkilega um hvernig við getum komið vef á framfæri með markaðssetningu, samfélagsmiðlum og með því að þekkja inn á virkni leitarvéla.

Með öðrum orðum fjallar Bókin um vefinn um mikilvægustu þætti í starfi vefstjóra og annarra sem sinna vefumsjón.

ÞAKKIR

Bókin um vefinn er ekki stór en tekur á öllum helstu þáttum sem vefstjórar þurfa að kunna skil á. Ég er ekki sérfræðingur á öllum þessum sviðum enda fyrst og fremst „generalisti“ í vefmálum. Það var því gríðarlegur styrkur að fá öflugan samstarfsaðila við útgáfu bókarinnar sem hefur yfir að ráða sérfræðingum á öllum sviðum vefsins.

Ragnheiður H. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar, á miklar þakkir skildar fyrir að sýna þessu verkefni strax áhuga og stuðning. Henni get ég seint fullþakkað. Hugsmiðjan lagði til ótal vinnustundir sérfræðinga í ritstjórn verksins, við hönnun, umbrot, yfirlestur og ekki síst stuðning við mig sem höfund bókarinnar.

Mig langar að þakka Má Örlygssyni fyrir góðan yfirlestur, afar gagnlegar ábendingar og ekki síst fyrir kaflann um aðgengismál. Már á líka hugmyndina að þessum snilldarbókartitli sem ég féll strax fyrir. Magnús Bjarnason reyndist haurkur í horni við yfirlestur enda

maður sem hættir aldrei að spyrja, sér hlutina með öðrum gleraugum og fær mann til að hugsa. Arna Fríða Ingvarsdóttir skilaði umbroti bókarinnar frábærlega. Jón Frímansson lyfti bókinni í nýjar hæðir með snilldarteikningum og hönnun bókarinnar í samvinnu við Örnu. Þórarinn Stefánsson (Tóró) rýndi og endurskrifaði margt í kaflanum um tækni vefsins sem reyndist ómetanlegt enda höfundur bókarinnar þar á hálum ís. Þórarinn Friðjónssyni þakka ég fyrir prófarkalestur á bókinni.

Fyrir utan starfsmenn Hugsmiðjunnar koma margir fleiri að yfirlestri og stuðningi við verkið. Guðrún Margrét Örnólfsdóttir, vefstjóri Smáralindar, kom með mjög gagnlegar ábendingar út frá sjónarhóli vef- og markaðsstjórans. Völundur Óskarsson og Heiðar Ingi Svansson hjá Iðnú fá þakkir fyrir að styðja við útgáfu bókarinnar með reynslu sinni af bókaútgáfu og dreifingu. Nemendum mínum við Háskóla Íslands, Endurmenntun og í Vefakademíu Hugsmiðjunnar þakka ég fyrir innblástur við skrifin sem og viðskiptavinum mínum hjá Fúnsjón vefráðgjöf.

Öllu þessu fólki þakka ég af heilum hug en um leið áréttá ég að ábyrgðin er mín á því sem birtist hér í endanlegri útgáfu verksins.

Loks er það fjölskyldan. Bragi (bróðir) Ólafsson las yfir 1. kafla bókarinnar og veitti gagnlegar ábendingar. Og að síðustu en aldeilis ekki síst fær eiginkona mín, Hrafnhildur Tinna Sveinsdóttir, meiri þakkir en ég get lýst fyrir stuðning sem hún hefur sýnt mér síðustu misseri við að taka stórar ákvarðanir og sætta sig við að ég hafi tekið frá ótal kvöld og aðrar lausar stundir í blogg- og bókarskrif í stofunni heima, sumarbústöðum og annars staðar. Takk, Tinna mín!

Húsafelli, fyrsta í aðventu, 30. nóvember 2014

Sigurjón Ólafsson